

## **GERÐ VARNARGARÐA VIÐ RIFSHÖFN, SNÆFELLSBÆ**

### **Ákvörðun um matsskyldu**

#### **NIÐURSTAÐA**

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð varnargarða úr grjóti við Rifshöfn, Snæfellsbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Snæfellsbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 og samþykkt deiliskipulag er tekur til framkvæmdasvæðisins.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. júlí 2008.

## INNGANGUR

Þann 22. apríl 2008 tilkynnti Línuhönnun verkfræðistofa, f.h. Hafnarsjóðs Snæfellsbæjar gerð sjóvarnargarðs og sandfangara við Rifshöfn, Snæfellsbæ til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Snæfellsbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Snæfellsbæ með bréfi dags. 8. maí 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 7. maí 2008, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 30. maí 2008, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 16. maí 2008, Siglingastofnun með bréfi dags. 9. maí 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. maí 2008. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 13. maí 2008.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Um er að ræða framkvæmdir sem fela í sér lengingu núverandi Norðurgarðs hafnarinnar á Rifi um 500 m, út að skerinu Tösku og gerð 300 m langs grjótgarðs (sandfangara) úr fjörunni austan þéttbýlisins til móts við skerið Tösku. Efni til framkvæmdarinnar, um 95.000 m<sup>3</sup>, verður tekið úr námusvæði fyrir ofan þéttbýlið á Rifi með því að stækka opna grjótnámu til vesturs. Fram kemur að ekki þurfi að leggja nýja vegslóða vegna flutnings efnis frá námunni heldur verði núverandi vegir notaðir. Fram kemur að grjótgarðurinn, út að Tösku, muni ná yfir efsta svæði rífsins og komi til með að eyða þeim gróðri sem þar sé og gera megi ráð fyrir að nokkur tími muni líða þar til nýtt jafnvægi sjávargróðurs náí að myndast. Fram kemur að sjónræn áhrif garðanna verði nokkur og ásýnd svæðisins muni breytast því Töskuviti, sem verið hafi aðskilinn frá öðrum hafnarmannvirkjum, verði nú samhangandi öðrum mannvirkjum að framkvæmdum loknum. Neikvæð sjónræn áhrif vegna efnistöku verði ekki mikil. Fram kemur að mikið fuglalíf sé við Rif og að þar sé eitt stærsta kríuvarp á Íslandi. Krían og stálpaðir ungar hennar haldi sig mikið á vegum á svæðinu en aðallega við Stórhól sem sé vestan við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Ekki sé líklegt að umferð grjótflutningabíla frá námu að hafnarsvæði hafi áhrif þar sem ekki verði um hraða umferð að ræða.

Markmið með fyrirhuguðum framkvæmdum er að auka öryggi sjófarenda og leggja grunn að frekari þróunar- og vaxtarmöguleikum fyrir Rifshöfn. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist sumarið 2008 og ljúki á árinu.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Í umsögnum Snæfellsbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun bendir á að kannað verði hvort unnt sé að nýta freka þær opnur sem þegar eru á námusvæðinu, hvort unnt sé að sameina opnur með frekari efnistöku og með þeim hætti ganga frá þeim hluta námunnar þar sem efnistöku telst lokið.

Í umsókn Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að ekki liggi fyrir vitneskja um að sjaldgæfar tegundir finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eða í nágrenni þess. Stofnunin hafi hins vegar upplýsingar um lífríki á svæðum bæði vestan og austan við Rifshöfn og telur að sambærilegt lífríki sé að finna á þeim stöðum og á rífi því sem fari undir grjótfyllingar. Stofnunin telur að varðveislugildi lífríkis á framkvæmdasvæðinu sé takmarkað og stærð svæðis sem raskist óveruleg.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð tveggja grjótgarda við Rifshöfn og um 95.000 m<sup>3</sup> efnistöku úr opinni efnisnámu sunnan þéttbýlisins á Rífi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 i í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að gera megi ráð fyrir nokkrum neikvæðum sjónrænum áhrifum með tilkomu sandfangarans og breytingum á ásýnd hafnarsvæðisins og nágrenni þess, sem er að sjálfsögðu manngert að hluta nú þegar. Ekki virðist líklegt að gerð grjótgarda komi til með að hafa verulega neikvæð áhrif á lífríki sjávar þar sem á sjávarbotni er um að ræða algengar lífverur sem hafa lítið varðveislugildi. Efnistaka fer fram í opinni námu og vill Skipulagsstofnun taka undir ábendingu Umhverfisstofnunar um að gryfjur á námusvæðinu verði sameinaðar með frekari efnistöku og með þeim hætti gengið frá þeim hluta námunnar þar sem efnistöku telst lokið. Skipulagsstofnun telur að óhjákvæmilega muni gæta nokkurs ónæðis vegna efnisflutninga frá grjótnámunni að framkvæmdasvæði. Skipulagsstofnun telur ekki líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa verulega neikvæð áhrif á fugla, þ.á.m. á kríuvarpið, þar sem megin hluti þess er nokkuð vestar en framkvæmdasvæðið. Stofnunin telur líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa jákvæð áhrif fyrir siglingar um Rifshöfn og auki öryggi sjófarenda.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð varnargarda úr grjóti við Rifshöfn, Snæfellsbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Snæfellsbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 og samþykkt deiliskipulag er tekur til framkvæmdasvæðisins.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðila og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. júlí 2008.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson

